

viljayfirlýsingu

um framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að þróa beri hlutverk fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs, sem starfar skv. 13. gr. a laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, á þann hátt að honum verði falið varanlegt hlutverk til jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar/sértækar stuðningsþarfir. Mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga sem felur í sér slíkar breytingar á tekjustofnalögunum í upphafi þings haustið 2017.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að á árinu 2017 skuli greiða sveitarfélögum sem um það sækja og sem uppfylla til þess skilyrði framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs til eftirfarandi verkefna á vegum sveitarfélaganna, sem samtals geta numið allt að 325 millj. kr.

- Til fjármögnunar á hlutdeild í stofnframlagi til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða íbúa með mjög miklar/sértækar stuðningsþarfir samtals allt að 150 millj.kr. Framlög fasteignasjóðs samkvæmt þessum lið eru háð því að Íbúðalánasjóður hafi samþykkt stofnframlag af sinni hálfu í samræmi við verkaskiptingu sem fjallað er um í minnisblað velferðarráðuneytisins, dags. 29. mars 2017.
- Til jöfnunar á íþyngjandi kostnaði vegna langtímaleigusamninga um húsnæði fyrir fatlað fólk, samtals allt að 75 millj.kr.
- Til nauðsynlegra endurbóta á eldra íbúðarhúsnæði til að mæta kröfum um verulegar endurbætur vegna mikillar þjónustu- og stuðningsþarfir, allt að 50 millj.kr.
- Til byggingar hæfingarstöðva til að sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélaga til hæfingar fatlaðs fólks, allt að 50 millj.kr.

3. gr.

Greiðsla framlaga á árinu 2017 skv. 2. gr. er háð því að Alþingi hafi áður samþykkt nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sbr. 1. gr.

4. gr.


Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun taka á móti og afgreiða umsóknir um framlög á árinu 2017 á grundvelli nánari ákvæða um skilyrði og fyrirkomulag greiðslna sem fram koma í verklagsreglum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 6. júlí 2017


Jón Gunnarsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


Þorsteinn Víglundsson
félags- og jafnréttismálaráðherra


Halldór Halldórsson
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga